

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpeyð.st Suðurnesja, Kalka Kalka, Berghólabraut, Helguvík



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	22.2.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Sorpeyð.st Suðurnesja, Kalka	Eftirlitsmaður	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Heimili	Berghólabraut 7	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5312780469/ 862	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Norðfjörð	ÍSAT nr.	38.21.0,38.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Ingbór Karlsson	Staðsetning	325484,211 396471,342

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust í eftirliti, en ein athugasemd var gerð.

## UMFANG EFTIRLITS

Dagskrá:

- Útafstandandi frá síðustu eftirlitum og eftirfylgni
  - Símælingar á ryki og HCl – áræðanleiki mælinga
  - Útblásturshraði og loftdreifilíkan
  - Merkingar móttækis úrgangs
  - Innmötun sóttmengaðs úrgangs
  - Botnösku- og spilliefnageymsla – fráveita
  - Undanþágur ráðuneytis - staða
- Yfirferð yfir kröfur í starfsleyfi
  - Áætlanir - Mælingar - Tilkynningar - Skýrslur - Umhverfismarkmið
- Skiladagar í starfsleyfi
- Skoðun á sorpeyðingarstöðinni, myndir teknar og kvittun fyrir eftirliti afhent.

- Eftirlitið hófst með ítarlegri skoðun á sorpeyðingarstöðinni.

Eftirlitsmenn Umhverfisstofnunar, Sverrir Aðalsteinn Jónsson og Gottskálk Friðgeirsson gengu um útisvæði og inn í sorpeyðingarstöðina með Ingbóri Karlssyni rekstrarstjóra Kölkku. Ingbór útskýrði alla þætti rekstursins og svaraði spurningum viðstaddra. Skoðunin tók um 2 klst. Þvínæst var sest á fund með Ingbóri rekstrarstjóra og Jóni Norðfjörð framkvæmdastjóra Kölkku.

- Útafstandandi atriði frá síðustu eftirlitum:

### Misræmi á milli símælingar og árlegra mælinga á ryki.

Starfsleyfið gerir ráð fyrir símælingum í reykháfi og skal mæla ryk og ýmis gös í útblæstrinum. Rykmælingar fara fram með símæli staðsettum í reykháfi og hins vegar með árlegum mælingum sem verktakar hafa staðið að fyrir rekstraraðila. Mælingum hefur ekki borið nógu vel saman og var það rætt í eftirlitinu. Umhverfisstofnun lét framkvæma mælingu á ryki í skorsteini í desember sl. Á sama tíma og símælirinn sýndi ryk í útblæstri upp á 3,56 mg/m<sup>3</sup> þá kom mæling sem Umhverfisstofnun lét framkvæma út á 53,8 mg/m<sup>3</sup>. Rekstraraðili efast um áræðanleika mælingarinnar sem stofnunin lét framkvæma og samdist um að nú á vörðunum myndi rekstraraðili fá Verkís og Nýsköpunarmiðstöð Íslands til þess að framkvæma nýjar mælingar samtímis og bera saman niðurstöður þeirra saman hvor við annan og eins við símælinn. Eftirlitsaðili lítur á þetta sem úrbótaáætlun og málið er því í bið þar til niðurstöður mælinganna koma í hús.

Aðrar mælingar í reykháfi s.s. vetnisklórið (HCl) hefur verið að fara yfir losunarmörk en rekstraraðili rekur það til vandamála við innmötun á sóða til hlutleysingar í eftirbrennslunni, en of mikill raki í sódanum veldur kekkjum í efninu og innmötun raskast. Rekstraraðili hefur verið í sambandi við birgja sína út af þessu og á von á að komast yfir þetta vandamál fljótlega. Niðurstöður símælinga sýna að HCl fór þrisvar yfir losunarmörk í desember og tvisvar í nóvember. Áfram þarf því að fylgjast vel með og bregðast við. Rekstraraðili taldi einnig að fylgni væri á milli toppa í HCl og brennslu sóttmengaðs úrgangs. Kvörðunarskýrslur fyrir gösin í útblæstrinum berast stofnuninni og var seinasta skýrsla afhent í eftirlitinu, en síðast var kvarðað 14. febrúar sl. Sérfræðingur frá EFLU verkfræðistofu kvarðar gasmælinn í reykháfinum.

### Útblásturshraði og loftdreifilíkan.

Útblásturshraði í reykháfi hefur verið að mælast á bilinu 6,6 – 14,3 m/sek. nokkur síðastliðin ár. Kröfur eru í starfsleyfi um að rekstraraðili sýni fram á að ekki verði niðurdráttur útblásturs í nágrenni stöðvarinnar með loftdreifilíkani sem tekur mið af veðurfarsaðstæðum á staðnum. Eftir fyrirsurnir rekstraraðila í júní 2013 og janúar 2014 barst í nóvember 2016 verkefnatillaga að loftdreifilíkan sem unnin var fyrir rekstraraðila. Umhverfisstofnun hefur samþykkt hana og vinna er hafin við lotdreifilíkanið. Gert er ráð fyrir að það geti borist stofnuninni fyrir 21. september nk. eins og tilskilið er í starfsleyfi.

### Merkingar móttækis úrgangs.

Gengið var um svæði þar sem Efnamóttakan hf. skilar af sér spilliefnum. Tunnur merktar Efnamóttökunni voru opnaðar en þær voru merktar „olíusori“. Í ljós kom að eitthvað annað en olíusori var í tunnunum. Ljós dúkur og eitthvað sem líktist kitti. Gerð er athugasemd við þetta og bent á mikilvægt réttra merkinga. Gert er ráð fyrir að rekstraraðili hafni spilliefnum sem eru augskýrlega vitlaust merkt. Málið verður tekið upp í næsta eftirliti hjá Efnamóttökunni hf.

### Innmötun sóttmengaðs úrgangs

Sóttmenguðum úrgangi er sturtað beint í móttökusíló sorpeyðingastöðvarinnar. Skoðaður var umbúnaður við innmötunartjakk stöðvarinnar vegna athugasemda frá Landsspítalanum (LHS) um brennslu sóttmengaðs úrgangs og heimsóknar Sigríðar Kristjánsdóttur frá Umhverfisstofnun, Guðrúnar Sigurmundsdóttur yfirlæknis frá LHS og Ásu Atladóttur hjúkrunarfræðings frá skrifstofu Sóttvarnalæknis þar sem skoðuð var aðstaða við innmötun sóttmengaðs úrgangs (30. janúar 2015). Skýrsla hópsins fór m.a. fram á úrbætur sem fólu í sér að vökvaheldum lekabyttum (raunar þykkum plastpokum) var komið fyrir undir innmötunartjakk og tækju þeir við hugsanlegum lekum frá ferlinu. Pokunum er síðan skipt út fyrir nýja poka og notuðum pokum brennt í ofninum. Snyrtilegt var um að litast og lekabyttur á sínum stað. Ekki var fundið að þessu nú.

### Botnösku- og spilliefnagæymsla – fráveita

Í nýju starfsleyfi eru ákvæði um geymslusvæði fyrir spilliefni og botnösku. Rekstraraðili hefur komið og kynnt áætlanir sínar fyrir fulltrúum Umhverfisstofnunar. Góðar undirtektir fengust og hvatning um að halda áfram með verkefnið. Botnaska er tímabundið geymd í hálfgámum á plani versmiðjunnar en einnig í haug á ómalbikuðu plani. Verkfræðistofa Suðurnesja hf. hefur verið fengin til að hanna nýtt spilliefnasvæði og eins nýtt botnöskusvæði þar sem botnaskan verður meðhöndluð á lokuðu yfirborði. Kröfur í starfsleyfi, ákv. 4.10 í starfsleyfi, kveða á um að frárennsli frá báðum svæðum skuli tengt við sand- og olíuskilju.

### Undanþágur ráðuneytis – staða

Með nýju starfsleyfi (21. september 2016) eru allar undanþágur umhverfis- og auðlindaráðuneytisins úr gildi.

#### 3. Yfirferð yfir kröfur í starfsleyfi

Áætlun um frágang vegna tímabundinna stoppa liggur fyrir. Fram kom að fjögur óvænt stopp urðu á árinu 2015 en rekstur hefur gengið vel á síðastliðnu ári.

Viðbragðsáætlun vegna mengunaróhoppa liggur fyrir en stöðin tengist nú fráveitukerfi sveitarfélagsins sem liggur inn að smábátahöfn Reykjanesbæjar.

Viðhaldsáætlun liggur fyrir og nettengd með aðgangi fyrir þá sem sinna viðhaldi.

Í nýju starfsleyfi er gerð krafa um að tillögu að vöktunaráætlun sé skilað til Umhverfisstofnunar. Kalka hyggst láta mæla díoxín í jarðvegi í nágrenni brennslustöðvarinnar í sumar. Kröfur um vöktun iðnaðarsvæðisins í Helguvík verða æ háværi eftir því sem fleiri mengandi fyrirtæki hefja starfsemi á svæðinu. Rekstraraðili hefur óskað eftir leiðbeiningum frá stofnuninni um gerð vöktunaráætlunar.

Mælingaáætlun er í starfsleyfi, grein 5.3 og eftir að frárennsli með söfnunarþróum og olíuskiljum hefur verið tekið í notkun við geymslusvæði botnösku og spilliefna tekur áætlunin að fullu gildi skal mæla árlega í úttaki olíuskilju og fyrir hverja tæmingu söfnunarþróar ef grunur er um að spilliefni hafi borist í þróna.

Farið var yfir tilkynningaskyldur rekstraraðila gagnvart mengunaróhöppum, bæði til heilbrigðisnefndar Suðurnesjasvæðis og Umhverfisstofnunar svo og kröfur til rekstraraðila um tilkynningar um losun sem er umfram losunarmörk í starfsleyfi.

Rekstraraðili sendi uppfærð umhverfismarkmið fyrirtækisins, einnig ýmsar skýrslur sem kröfur eru um s.s. um magn og gerð úrgangs, um grænt bókhald og um útstreymisbókhald. Helstu niðurstöður skráninga koma svo fram í ársskýrslu fyrirtækisins.

## **ATHUGASEMDIR**

### Merkingar á mótteknum spilliefnum.

Við skoðun kom fram að spilliefnatunnur merktar "olíusori" innihéldu ljóst eða hvítt efni sem helst líktist nylon-dúk og mengaðar kítisleifar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 04.04.2017



Gottskálk Friðgeirsson